

Fundur skólaráðs þriðjudaginn 5.nóvember 2013

Fundinn sátu: Halldóra skólastjóri, Þórunn Alda Gylfadóttir og Geirlaug Geirdal fulltrúar foreldra, Rósa Baldursdóttir og Valdís Kristinsdóttir fulltrúar kennara, Ólafur Þór Unnarsson fulltrúi nemenda, Rannveig Jónína Guðmundsdóttir fulltrúi leikskólans Lautar og Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Halldóra ræddi um hvað hefur verið að gerast í skólanum í dag en SAFT var með fræðslu fyrir nemendur og kennara og í kvöld verður fræðsla fyrir foreldra.
2. Einnig sagði hún frá vinadegi sem verður föstudaginn 8. nóv. og hefst með samvinnu vinabekkja. Kolbrún Baldursdóttir kemur og talar við 1.-3. Bekk og 4.-6. Bekk og síðan 7.-10. Bekk með ½ tíma spjall við alla nemendur. Kl. 11:00 er hugmyndin að fara út og ganga frá Skólabraut og mynda hring utan um skólann. Vinakeðja mynduð og að því loknu er boðaður foreldrafundur kl. 11:30 – 12:30 í 10. bekkjarstofu. Þetta er samstarfsverkefni við Ungmennafélagið og foreldra.
3. Umræða um samstarf foreldrafélags/foreldra og skólans. Fyrirhugað er að boða til framhaldsaðalfundar í næstu viku. Umræður urðu um ýmsa þætti foreldrastarfsins, tilgang foreldrafélags. Stjórnendur hafa áhuga á að setja upp morgunkaffi og spjall. Tillaga kom fram um að hafa þetta stjórnendaspjall á föstudegi kl. 8:00. Fundarmenn ræddu um skilaboð/tölvupósta frá kennurum en svo virðist sem sumir vilji ekki mikið af slíkum tölvupósti og lesi ekki Mentorfærslur.
4. Þróunarverkefni, Halldóra fór yfir stöðuna í skólanámskrárverkefninu sem er helsta þróunarverkefni sem unnið verður í vetur. Búið er að vinna með sýn og gildi annars vegar og skólareglur. Huga þarf að tengingu nemenda og foreldra inn í þessa vinnu. Væri hægt að setja upp skólaþing með nemendum í einn dag eða hvernig væri best að ná til þessara hópa. Væri hugsanlegt að hafa nemendur og foreldra saman í þessari vinnu. Mikilvægt er að nemendur komi t.d. að vinnu með skólareglur. Lagt var til að þessi umræða verði tekin á næsta foreldrafélagsfundi.
5. Rætt var um félagsstarfið með að komu Jóhanns Árna. Ólafur fulltrúi nemenda sagði þetta gott fyrirkomulag að hafa nemendaráð og þrumuráð saman. Gott skipulag er á starfinu í vetur og böllin haldin í þrumunni og í skólanum. Ólafur upplifir góðan anda í nemendahópnum.
6. Í undirbúningi er að hafa rýmingaráætlun og vonandi verður hún í næstu viku.

Fundi lauk kl. 17:36